

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu í Tálknafjarðarhreppi.

1. gr.

Vatnsgjald Vatnsveitu Tálknafjarðarhrepps er 0,35% af fasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitum sveitarfélagsins. Vatnsgjald eigna sem falla undir C-lið er 0,6% af fasteignamati samkvæmt 6. gr. laga nr. 32/2004.

2. gr.

Vatnsgjald skv. 1. gr. skal innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005.

4. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps 13. desember 2018 og öðlast þegar gildi.

Tálknafjarðarhreppi, 13. desember 2018.

Bryndís Sigurðardóttir sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 4. febrúar 2019